

Nesfréttir

JANÚAR 2020 • 1. TBL. • 33. ÁRG. • www.borgarblod.is



MATAR-BOÐ

- 2 STÓRAR PIZZUR AF MATSEDLI
- 2 MEDLÆTI AÐ EIGIN VALI
- 2 SÓSUR AÐ EIGIN VALI
- 2 L GÖS

AÐEINS 5.990 KR.

Fjárhagsáætlun lögð fram og samþykkt

- varnarbarátta og ekki hægt að grynka á skuldum segja bæjarfulltrúar minnihlutans sem sátu hjá við atkvæðagreiðslu

Forsendur við gerð fjárhagsáætlunar Seltjarnarnesbæjar 2020 er m.a. að álagningarhlutfall útsvars verður 13,70%. Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði verða 0,175% af fasteignamati. Af opinberu húsnæði verður fasteignaskattur 1,32% af fasteignamati og 1,1875% af atvinnuhúsnæði og óbyggðu land. Lóðarleiga vegna íbúðarhúsnæðis verður 0,40% og 1,75% af lóðarhlutamati atvinnuhúsnæðis. Vatnsgjald verður 0,09% af fasteignamati húsa og sorp- og urðunargjald kr. 39.458 á hverja eign.

Í áætluninni eru laun hækkuð til samræmis við gildandi kjarasamninga Launaneftdar sveitarfélaga við þau stéttarfélag sem starfsmenn Seltjarnarnesbæjar taka laun samkvæmt og ekki er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi á árinu. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði 4% á árinu. Fjárhagsáætlunin var samþykkt með fjórum atkvæðum meirihlutans og þrjú bæjarfulltrúar minnihlutans sátu hjá við afgreiðsluna.

Hard Rock CAFE
REYKJAVÍK

HÁDEGISTILBOÐ

kr. 1.490.-

Haga vagninn

- Hofsvallagata 52 -

- Viðtal við
Emilíu Petru
Jóhannsdóttur
- bls. 10-11

Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

Systrasamlagid

Óðingsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is



ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka er endurgjaldslaust til ársloka



Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Fjármál Seltjarnarnesbæjar

Í síðasta tölublaði Nesfrétta gagnrýndu tveir Seltirningar bæjarfélagið harðlega fyrir slæga fjármálastjórn. Gagnrýnin kom úr ólíkum áttum.

Skafti Harðarson sem stundum hefur staðið til hægri við Sjálfstæðisflokkinn sagði að fjárhagsvandræði bæjarfélagsins væru sjálfskaparvítí. Guðmundur Ari Sigurjónsson bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar sagði að ef útsvarið á Seltjarnarnesi væri það sama og í Kópavogi, Hafnarfirði og Mosfellsbæ mundu tekjur bæjarins aukast um tæplega 170 milljónir.

Vissulega greinir þessa tvo heiðursmenn á um leiðir til að bæta stöðu Seltjarnarnesbæjar. Annar leggur áherslu að veita grunnþjónustu í stað gæluverkefna. Hinn vill nýta fé sem fengist með hærri útsvarstekjum til þess að borga niður skuldir, fjármagna framkvæmdir sem eru á dagskrá og til þess að koma í veg fyrir niðurskurð í félagsþjónustu bæjarins.

Lengi hafa verið trúarbrögð hjá hægri mönnum á Seltjarnarnesi að útsvar megi ekki hækka. Seltirningar eigi að greiða lægstu útsvarsprósentu á landinu. Til að slík trú standist verður rekstur bæjarfélagsins og þeirrar þjónustu sem því er skylt að veita að rúmast innan tekna.

Nú vinnur Haraldur Líndal Haraldsson að endurskipulagningu fjármála Seltjarnarnesbæjar. Haraldur er þaukunnugur rekstri sveitarfélaga. Líklegt má telja að hann leggi fram tillögur að vinnu lokinni. Tillögur sem bæjarstjórn muni hlusta á og taka til alvarlegrar athugunar.



Myndin var tekin við móttöku viðurkenningar á vottun jafnlaunakerfis Seltjarnarnesbæjar. Frá vinstri: Róbert Bernhard Gíslason, Gunnar Lúðvíksson, Hervör Pálsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Sigurður Harðarson frá iCert, Alda Gunnarsdóttir og Stefán Bjarnason.

Seltjarnarnesbær hlýtur jafnlaunavottun

Seltjarnarnesbær fékk þann 23. desember sl. staðfestingu á vottuðu jafnlaunakerfi hjá Jafnréttisstofu og tók við viðurkenningu þess efnis nú í byrjun janúar. Með vottun frá faggiltum vottunaraðila iCert ehf. sem og heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerkið, er staðfest að Seltjarnarnesbær uppfyllir kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Seltjarnarnesbær er með fyrstu sveitarfélögum til að öðlast þessa vottun.

Samhliða vinnu við innleiðingu jafnlaunakerfisins aflaði Seltjarnarnesbær jafnlaunaúttektar frá PwC á Íslandi þar sem framkvæmd var nákvæm greining á stöðu launamála eftir kyni. Niðurstaða þeirrar úttektar var að óútskýrður kynbundinn launamunur hjá Seltjarnarnesbæ mælist nú 1,1% konum í vil.

Með innleiðingu jafnlaunastaðalsins hefur Seltjarnarnesbær komið sér upp gæðastjórnunarkerfi sem á að tryggja jafnan rétt, jöfn laun og sömu réttindi og kjör fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni. Ennfremur að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggji ávallt á málefnalegum sjónarmiðum og geti þannig fyrirbyggt beinan og óbeinan launamismunun kynjanna.

Einungis 1,1% óútskýrður launamunur

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri: „Ég fagna mjög þessum mikilvæga áfanga sem jafnlaunavottunin er. Mikil fagleg og krefjandi vinna hefur verið lögð í undirbúning og innleiðingu jafnlaunastaðalsins hér innan bæjarins á síðasta ári, þar sem allt kapp var lagt á að ljúka ferlinu á tilsettum tíma. Það var ánægjulegt að sjá að óútskýrður kynbundinn launamunur mældist í úttektinni einungis 1,1% konum í vil hjá Seltjarnarnesbæ. Vinnan er rétt að hefjast og markmiðið er að sjálfsgöðu að eyða þessum mun alfarið. Til þess höfum við nú öll tæki og töl sem og skýrt ferli og markmið sem við munum fylgja í hvívetna á komandi árum“

Starfshópurinn sem stýrði innleiðingunni fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar var skipaður þeim Öldu Gunnarsdóttur, stjórnsýslu- og launafulltrúa, Hervöru Pálsdóttur, verkefnastjóra, Róberti Bernhard Gíslasyni, verkefnastjóra gæðakerfis og Stefáni Bjarnasyni, mannauðsstjóra.

Húsfélagþjónusta Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu



• EIGNAUMSJÓN www.eignaumsjon.is


DAGSKRÁ FEBRÚAR 2020

Gallerí Gróttu – sýning

Steingrímur Gauti Ingólfsson

Sýnir verk sín
í Gallerí Gróttu
á sýningunni **Ný verk**.

Sýningunni lýkur
22. febrúar.



3. febrúar kl. 20–22

SelGARNanes og nágrenni

Hannyrðafólk hittist og á
saman notalega stund við
handavinnu, hjálpar hvert
öðru og deilir hugmyndum.
Nánar á FB-síðu hópsins:
[SelGARNanes og nágrenni](#)



4. febrúar kl. 19.30–20.30

BÓKMENNTAKVÖLD Bergþóra Snæbjörnsdóttir og Svínshöfuð

Rithöfundurinn **Bergþóra Snæbjörnsdóttir**
fjallar um og les upp úr bók sinni
Svínshöfuð sem tilnefnd er til
Íslensku bókmenntaverðlaunanna.



5. febrúar kl. 17–17.30

Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan
Tár úr steini.

Höfundur:

Sveinbjörn I. Baldvinsson



7. febrúar kl. 17–21

SAFNANÓTT

Skemmtileg Safnanótt í bókasafninu

Fjörung og fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna á Safnanótt
sem er hluti af **Vetrarhátíð á Seltjarnarnesi**.

Tónlist, skemmtun, fönður, bingó, leikir, pylsur o.fl.

10. febrúar kl. 17.30–18.30

Þorbjörg Hafsteinsdóttir

einn helsti heilsufrumkvöðull landsins,
kynnir nýja bók sína *Ketóflex 3-3-1* og
gefur gestum góð ráð.



14. febrúar

Valentínusardagur

Frægustu ástarævintýri bókmenntanna
dregin fram auk þess
sem börnin geta
föndrað/litað

Valentínusarbókamerki
og kort í tilefni dagsins.

Allir velkomnir.



15. febrúar kl. 11.30–12.30

Lesið fyrir hund – **Vigdís Vinir gæludýra á Íslandi**



Börnum er boðið að
heimsækja safnið og lesa sér
til ánægju fyrir hunda sem
eru sérstaklega þjálfaðir til
að hlusta á börn lesa. Sex
börn komast að í hvert skipti.

Skráning á sigrídur.gunnarsdóttir@seltjarnarnes.is

26. febrúar



Öskudagur

Starfsfólk
bókasafnsins
tekur vel á móti
syngjandi
glöðum börnum
á öskudaginn.



27. febrúar kl. 17–19

Gallerí Gróttu – sýningaropnun

Sigurður Magnússon opnar
myndlistarsýningu sína **Inngrip**.
Sýningunni lýkur 22. mars.



**Bókasafn
Seltjarnarness**

Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes, Sími: 5959-170



Tölvumynd af fyrirhuguðum byggingum við Bygggarða.

Breytt deiliskipulag við Bygggarða auglýst

Skipulags og umferðarnefnd hefur samþykkt að endurauglýsa áður auglýsta tillögu að breyttu deiliskipulagi Bygggarðasvæðis.

Ástæða endurauglýsingar eru breytingar sem gerðar voru á deiliskipulagi eftir fyrri auglýsingu 21. júní 2019. Breytingarnar felast í að nú er ekki gert ráð fyrir sameiginlegri bílageymslu miðsvæðis og fjöldi bílastæða lækkar úr 1,8 stæðum í 1,7 stæði á íbúð.

Gert við sjóvarnargarðinn



Unnið með skurðgröfu við að laga skörðin sem myndast hafa í garðinn.

Nú standa yfir viðgerðir á sjóvarnargarðinum við Norðurströnd á Seltjarnarnesi, rétt hjá hákarlahjallinum. Heildarlengd sjóvarna sem verða endurnýjaðar er um 220 metrar.

Að sögn Gísla Hermannssonar, sviðsstjóra umhverfissviðs bæjarins er oft brimasamt á þessum stað og hefur sjóvarnargarðurinn því látið á sjá og kvarnast verulega upp úr honum á nokkrum stöðum. Vegagerðin hefur umsjón með þessu viðhaldsverkefni sem mun standa yfir næstu vikur. JG vélar í Reykjavík sjá um framkvæmdina. Þeir áttu lögsta tilboð í verkið.



„Það er meira val en maður heldur“

Kynntu þér lífeyrissparnað





EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65%
stærra
lessvæði



Velkomin
í nýja
verslun
okkar á
Hafnartorgi



SJÓNMAELINGAR
Tímapantanir: 528 8505

Optical Studio
HAFNARTORGI

Fjölmenni í Seltjarnarneskirkju um jól og áramót

Fjölmargir komu í athafnir á jólum og um áramót í Seltjarnarneskirkju. Á aðfangadagskvöld komu á þriðja hundrað manns á aftansönginn kl. 18. Á öðrum degi jóla komu rúmlega 500 manns í helgistund kl. 10 um morguninn. Helgistundin var haldin í tengslum við Kirkjuhlaup Trimmklúbbs Seltjarnarness. Aldrei hafa fleiri tekið þátt í þessari helgistund sem var nú haldin níunda árið í röð. Eftir hlaupið var boðið upp á heitt súkkulaði með þeyttum rjóma í safnaðarheimili kirkjunnar ásamt smákökum. Melabúðin gaf allar veitingar. Melabúðinni eru færðar bestu þakkir fyrir það.

Á gamlárskvöld komu á sjöunda hundrað

manns í kirkjuna og safnaðarheimilið. Fólk kom við í kirkjunni sem var á leið á brennu eða var að koma af brennu. Boðið var upp á heitt súkkulaði með þeyttum rjóma. Friðrik Vignir Stefánsson organisti lék áramótasálma og áramótalög fyrir viðstadda og Þorsteinn Þorsteinsson söng. Þetta var í áttunda skiptið sem boðið var upp á músik og heitt súkkulaði í Seltjarnarneskirkju á gamlárskvöld.

Þann 12. janúar komu rúmlega eitt hundrað manns í guðsþjónustuna þegar hljómsveitin Sóló lék og söng fyrir kirkjugesti. Var þetta í þriðja sinn sem hljómsveitin Sóló hefur tekið þátt í guðsþjónustum í Seltjarnarneskirkju. Hljómsveitin

hefur starfað frá árinu 1962, eða í 57 ár og eru þeir aldrei betri en um þessar mundir.

Þorragleðin í Seltjarnarneskirkju

Þorragleði eldri bæjarbúa verður haldin í Safnaðarheimili Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 28. janúar kl. 12.30. Maturinn kostar kr. 3000. Gunnar Rögnvaldsson frá Hrauni á Skaga kemur í heimsókn. Hann er þekktur hagyrðingur, uppstandari og skemmtikraftur í Skagafirði. Þeir sem ætla að koma þurfa að skrá sig í síðasta lagi 27. janúar í síma 899-6979.

Myndir hér fyrir neðan eru frá viðburðunum í desember.



FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Hamarsgata 6 og 8 verður ein lóð

Kári Guðjón Hallgrímsson, fjárfestir og stjórnandi á skuldabréfasviði fjárfestingabankans JP Morgan í London, hefur látið rífa einbýlishús við Hamarsgötu 8 á Seltjarnarnesi. Lóðin sem stendur við hlið hennar, Hamarsgata 6 er óbyggð. Kaup Kára á fasteigninni fóru fram 2016 en nú er búið að jafna húsið við jörðu.

Áform eru um að byggja eitt hús á lóðunum tveimur en í greinargerð á vefnum seltjarnarnes.is kemur fram að rífa hafi þurft Hamarsgötu 8 vegna myglu og raka. Deiliskipulagi hefur verið breytt þannig að lóðir að Hamarsgötu 6 og 8 verða sameinaðar og byggt verður eitt einbýlishús á lóðinni og að lóðin verði nr. 6. Umsögn Minjaverndar frá 20. nóv. 2017 kveður á um að það falli ekki undir verndunarákvæði og að stofnunin muni ekki beita sér fyrir friðlýsingu hússins. Ákvæði um hverfisvernd mun því falla niður,“ segir jafnframt á vef bæjarfélagsins.



SPIRUÐ KINÓAFRÆ LÍFRÆNT RÆKTUÐ



Hámarksupptaka og virkni.
Dagskammtur veitir yfir 100% af ráðlögðu RDI.

B vítamín fyrir orkuframleiðslu gegn þreytu og örmögnun, efnaskifti, taugakerfi, andlega líðan, hormónakerfið, húð hár og neglur.

VILTU AUKAKÍLÓIN BURT OG BETRI MELTINGARLÍÐAN?



Metabolise stuðlar að því að fitan er brotin niður í lifrinni og notuð sem vöðvaorka en ekki í fituforða.

Styður blóðsykursjafnvægi og heilbrigða meltingarfloðu, betri líðan strax og dregur úr löngun í ruslfæði.

Inntaka einu sinni á dag.



POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS

ORKA OG ÚTHALD ALLAN DAGINN



VIRKAR STRAX - frá fyrsta degi.
Meiri einbeiting. Aukið áreitisspól.
Gott gegn streitukviða.
Truflar ekki svefn.

100 lífræn næringaefni.

Ánægja með hugmyndir um Lækningaminjasafnshúsið

Skipulags- og umferðarnefnd hefur lýst ánægju með framkomnar hugmyndir að húsnæði Lækningaminjasafns verði tekið undir starfsemi Náttúruminjasafn Íslands.

Nefndin telur að sú starfsemi falli sérlega vel að umhverfi svæðisins og samfélaginu. Nefndin tekur vel í tillögur að mæta stækkunarþörf safnsins neðanjarðar, komi til samninga við ríkið.



Vantar þig sjónmælingu?

Láttu sjóntækjafræðinga okkar sjá um þig



Eyesland · Grandagarði 13 og Glæsibæ, 5. hæð
sími 510 0110 · www.eyesland.is

E
YES
LAND gleraugu

Bæjarpunktur

Lagt til að Sólbraut og Sæbraut verði botnlangagötur

Lagt hefur verið fram til kynningar að breyta Sólbraut og Sæbraut á Seltjarnarnesi í botnlangagötur. Götur sem aðeins er hægt að aka inn og út úr á einum stað.

Byggingarfulltrúa hefur verið falið að boða til fundar með íbúum umræddra gatna um þessar hugmyndir í framhaldi af fyrirsprungnum húseignenda. Hugmyndin að baki þessu er að auka umferðaröryggi og draga úr því sem kallast getur óviðkomandi umferð. Þar er átt við akstur í gegnum göturnar án þess að viðkomandi vegfarendur eigi þangað erindi.

Byggt við Lambastaðabraut 14

Byggingarfulltrúa Seltjarnarnesbæjar hefur verið falið að ræða við umsækjendur um að byggja einbýlishús á einni hæð við Lambastaðabraut 14.

Þegar hefur niðurrif eldra húss verið samþykkt og næsta skref í málinu er því að fela byggingarfulltrúa að ræða við viðkomandi aðila um nýjar teikningar.



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands



Hjúkrunardeildarstjóri

Laus er staða deildastjóra að hjúkrunarheimilinu Seltjörn, Safnatröð 3 á Seltjarnarnesi. Um er að ræða tvískipta 20 manna deild. Starfið er laust samkvæmt samkomulagi og laun samkvæmt samningum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Sótt er um á sunnuhlid.is

Ef óskað er nánari upplýsinga hafið samband við Svanlaugu Guðnadóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar í síma 864-4184.

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is



Þú þjónusta

BREYTIÐ ÖLLU



Nýtt Íslandsbankaapp

Með nýja Íslandsbankaappinu sinnir þú allri helstu bankaþjónustu hvar og hvenær sem er á einum stað á einfaldan og öruggan hátt. Í appinu getur þú greitt reikninga, dreift greiðslum, séð allt um kortin þín, sótt um lán, stofnað sparnað, nálgast rafræn skjöl og margt fleira.

Vertu í hópi ánægðustu viðskiptavina í bankaþjónustu á Íslandi* og sæktu nýja Íslandsbankaappið á islandsbanki.is/app



Viðtal við Emilíu Petru Jóhannsdóttur

Vil hvetja fólk til að kynna sér þjónustu Heilsugæslunnar

- segir Emilía Petra Jóhannsdóttir svæðisstjóri

Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ er staðsett við Suðurströnd á Seltjarnarnesi baka til við sundlauginu. Á fyrri árum þjónaði stöðin íbúum Seltjarnarness og Vesturbæjar vestan Hringbrautar þ.m.t. Skerjafirði. Nú er þetta fyrirkomulag ekki lengur til staðar og allir geta skráð sig á stöðina óháð búsetu. Heilsugæslan á Seltjarnarnesi var opnuð árið 1982 í hluta húsnæðisins og síðan var húsnæðið klárað um það bil 10 árum síðar. Fyrir fjórum árum var starfsemin flutt í húsnæði Landakotsspítalans við Túngötu á meðan allt húsnæðið á Seltjarnarnesi var endurnýjað. Í dag starfa 30 manns við heilsugæsluna. Læknar, hjúkrunarfræðingar, sálfræðingar, sjúkráþjálfari og móttöku- og skrifstofustarfsmenn eru þar nú við störf. Heilsugæslan sinnir fimm skólum sem eru á starfssvæði hennar. Emilía Petra Jóhannsdóttir hjúkrunarfræðingur er svæðisstjóri heilsugæslunnar og hún spjallar við Nesfréttir að þessu sinni.

„Hér var allt endurnýjað og gert upp fyrir fjórum árum og mikið unnið eftir hugmyndum okkar sem hér störfum. Allar endurbætur voru miðaðar við að bæta aðstöðu fyrir okkur en þá einkum fyrir skjólstaðingana – fólkið sem kemur hingað hinna ýmsu erinda er varða heilsu þess. Eitt af því sem var gert var að útbúa sérstaka aðstöðu fyrir verðandi mæður og ungbörn en mæðraskoðun og ungbarnaeftirlit er á meðal þess sem við sinnum. Við sinnum einnig ýmsum stoðkerfisvanda og hér starfar til dæmis sjúkráþjálfari sem einnig er hreyfistjóri. Þetta hefur allt komið vel út fyrir okkur og gott að starfa í nýju húsnæði.“

Við sinnum öllum minniháttar óhöppum

Emilía segir heilsugæsluna búna til þess að sinna öllum minniháttar tilfellum og óhöppum. „Við gerum flest annað en að gera við beinbrot. Við erum að gefa járn og sýklalyf í æð og tappa af blóði. Sjúkraliði frá Landspítalanum er hjá okkur alla morgna frá 08:00 til 10:00 til að taka blóðsýni úr skjólstaðingum sem læknar hafa vísað í blóð- og þvagrannsókn. Við erum að sinna smærri aðgerðum til dæmis að sprauta í liði, taka bletti, fást við brunasár og skipta almennt á sárum sem erfiðlega gengur að fá til að gróa. Við sinnum líka ferðamannabólusetningum.“

Og svo er forvarnarstarfið

„Stór hluti af starfsemi okkar tengist forvörnum. Bæði í starfinu út í skólunum og líka hér í heilsugæslunni. Hér starfar hjúkrunarfræðingur í sykursýkismóttöku og er einnig með fræðslu um lífsstíl og stefnt er að árið 2020 að efla heilsueflandi móttökur fyrir 75 ára og eldri. Verkefni eru mjög fjölbreytt og við höfum nóg að gera. Einnig erum við að hvetja fólk að kynna sér og nota Heilsuveru í auknum mæli, bæði sér til fróðleiks einnig til að pantatíma, endurnýja föst lyf og senda fyrirspurnir til fagfólks. Engu að síður verðum við að láta vita af okkur og kynna fólki hvers það getur vænast af heilsugæslunni. Mikilvægt er að fólk átti sig hvaða þjónustu það getur sótt hingað ekki síst í ljósi þess mikla álags sem er á bráðamóttöku Landsspítalans. Nauðsynlegt er að fólk viti að það getur komið hingað með vanda sem ekki er af alvarlegasta tagi eða eins ég sagði gerum við ekki við beinbrot en getum sinnt mörgu öðru ef



Emilía stödd fyrir utan Heilsugæsluna á Seltjarnarnesi.

bein innlögna á spítala virðist ekki liggja fyrir. Ég held að mikilvægt sé að fólk þekki vel til þjónustu heilsugæslunnar og leiti þangað í auknum mæli. Vera má að einhvers misskilnings gæti og fólk haldi að komur þangað miðist aðeins við að hitta lækni og fá endurnýjun á lyfjum. Svo er alls ekki. Hér en unnið mun fjölbreyttra starf og efling heilsugæslunnar er ein þeirra leiða sem þarf að fara til þess að létta á bráðamóttöku Landsspítalans.“

Í friðargæslu í Bosníu

Emilía er ættuð frá Akranesi en hefur búið og starfað á nokkrum stöðum áður en hún settist að á Seltjarnarnesi, meðal annars starfað á gjörgæslunni á Fjórðungs-sjúkrahúsinu á Akureyri. „Mér líkaði vel fyrir norðan.“ Emilía starfaði síðan við friðargæslu í Bosníu. „Já - ég var í Bosníu um tíma. Var þar á vegum utanríkisþjónustunnar. Íslendingar tóku þátt í hjálparstarfi eftir Bosníustríðið.“

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is





Fjölskyldan stödd á Signubökkum í París á liðnu sumri. Frá vinstri: Patricia Dúa Thompson Landmark, Ragnar Karl Ingason, Emilía Petra og Lovísa Thompson.

Íslenskir hjúkrunarfræðingar og lækna unnum mikið með breskum hermönnum sem voru þar við friðargæslu og gengum daglega í breskum hermannaþingi. Herinn var með það sem við getum kallað heilsugæslueiningar og hersjúkrahús. Halldór Ásgrímsson var utanríkisráðherra á þessum tíma og kom í heimsókn til okkar. Ólafur Egilsson var sendiherra Íslands í London og kom einnig að kynna sér starfið. Við vorum í Banja Luka og víðar á þessu stríðshráða svæði. Þarna kynntist maður öðrum hliðum lífsins. Ég hefði ekki viljað missa af þeirri reynslu. Eftir þetta bjó ég meðal annars um tíma í Finnlandi.“

Tæpa tvo áratugi á Seltjarnarnesi

Emilía er búin að starfa nær tvo áratugi við Heilsugæsluna Seltjarnarnesi eða frá árinu 2001.

Hún hefur einnig búið á Nesinu um árabíl með síðari eiginmanni sínum Ragnari Karli Ingasyni banka- og tónlistarmanni ættuðum frá Hvammstanga. Hún á tvær dætur af fyrra hjónabandi. Vel þekktar úr handboltanum. Sú eldri er Lovísa

Thompson sem hefur spilað handbolta með góðum árangri frá barnsaldri, fyrst með Gróttu og spilar nú með Val auk þess að vera í landsliðinu. Yngri dóttirin heitir Patricia Dúa Thompson Landmark en Landmark nafnið er komið frá afa Emilíu.

„Afi var norskur, kom hingað til lands til þess að byggja sildarbyggjur á Siglufirði og kynntist ömmu þar. Svo á ég tvær fósturdætur, dætur mannsins míns. Þær eru eldri en mínar stelpur og það er komið eitt barnabarn. Mér líkar ákaflega vel að búa á Seltjarnarnesi. Ég er alin upp á Akranesi og þótt samfélagið þar sé stærra þá finnst mér margt líkt með því sem ólst upp við. Vegalengdirnar eru stuttar. Hér er maður laus við allt skutl. Stelpurnar hafa geta gengið og hjólað það sem þær hafa þurft. Samfélagið er umvefjandi. Fólk þekktist og kannast við hvert annað. Íþróttastarfið er bæði fjölbreytt og öflugt. Það er frábært að ala upp börn á Seltjarnarnesi. Við hjónin eigum okkur líka áhugamál. Ég hef spilað blak í 25 ár og er í blakfélagi Landsspítalans. Ragnar Karl starfar að tónlist samhlíða störfum sem viðskiptafræðingur í banka. Þeir eru nokkrir saman með hljómsveit sem þeir kalla Slagarasveitina. Eru að semja lög, taka upp og undirbúa útgáfu. „Emilía segir ánægjulegt að starfa við heilsugæsluna og þar sé frábært starfsfólk og góð samstaða. „Ég vil að lokum minna á það fjölbreytta hlutverk sem hún hefur. Ég vil hvetja fólk til þess að notfæra sér starf hennar og þá möguleika sem hún býr yfir.“



IÐJUPJÁLFI

Seltjörn hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi óskar eftir að ráða iðjupjálfa í allt að 100% starfshlutfall. Um er að ræða nýtt starf og væri æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 864 4184.

Hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu Sunnuhlíðar, sunnuhlid.is

Arna

ís- og kaffibar



Opið virka daga 9 - 18 og helgar 10 - 18.
Eiðistorgi 15
facebook.com/arnaisogkaffi

Umfjöllun um námsmat í Grunnskóla Seltjarnarness

Námsmat í Grunnskóla Seltjarnarness var mikið í umræðunni á haustönn 2019 eftir að niðurstöður úttektar Ernu Ingibjargar Pálsdóttur á námsmatinu litu dagsins ljós. Kennsla var felld niður í Valhúsaskóla mánudaginn 2. desember en þar var ekki um mótunni að ræða heldur þurftu kennarar tíma til að vinna úr þeim fréttaflutningi sem farið hafði af skólanum helgina áður og funda um þá stöðu sem skólinn hafði verið settur í.

Það vakti furðu skólafólks, bæði á Seltjarnarnesi og víðar, að yfirstjórn bæjarfélags skyldi taka þátt í að skapa vantraust á námsmatið og veða þannig að sínum eigin skóla. Fagfólk skólans upplifði umfjöllun pólitískra fulltrúa á Seltjarnarnesi sem mikinn áfellingisdóm enda var vegið að starfsheiðri og fagmennsku kennara skólans. Námsmat í Grunnskóla Seltjarnarness hefur alla tíð verið unnið af fagmennsku, heilindum og samkvæmt fyrirmælum Menntamálastofnunar.

Afsökunarbeiðni barst svo frá meirihluta bæjarstjórnar 3. desember eftir fund sem boðað var til af hálfu kennara og skólastjórnenda. Fundinn sátu, auk skólafólks, fræðslustjóra og fulltrúa úr bæjarstjórn, formaður Skólastjórafélags Íslands og formaður Félags grunnskólakennara.

Staðreyndir varðandi námsmatið

Í úttekt Ernu Ingibjargar Pálsdóttur á námsmati GS og í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að nemandi sem fær einkunnina B er búinn að ná öllum þeim hæfniviðmiðum sem til er ætlast og allt umfram það er á færi fárra nemenda. Sá orðrómur hefur gjarnan verið uppi á Seltjarnarnesi að á Nesinu sé erfiðara að fá góðar einkunnir en annars staðar þó flestir nemendur GS innritist í þá framhaldsskóla sem þeir óska sér. Til að gefa einhverja mynd af stöðunni þá voru niðurstöður voreinkunna í þremur námsgreinum sem hér segir árið 2019:

80% nemenda voru með B og yfir í íslensku, stærðfræði og ensku og yfir 35% nemenda fengu B+ og A í sömu námsgreinum.

Þessar niðurstöður gefa það engan veginn til kynna að nemendur í GS sitji ekki við sama borð og aðrir nemendur í landinu þegar kemur að því að skrá sig í framhaldsskóla, nema síður sé. Ef það væri ekki upplifun starfsfólks skólans að nemendur standi sig vel á samræmdum prófum og ef starfsfólk fengi ekki fjölda heimsókna á hverju ári frá útskrifuðum nemendum sem tala um hve vel þeim gangi í framhaldsskólanum sínum þyrfti að skoða þessar tölur. Niðurstöðurnar sýna í raun að nemendur hér eru hærri en gera mætti ráð fyrir þ.e. ef horft er til þess að það sé á færi fárra nemenda að fá B+ og A. Tölurnar hér að ofan benda til þess að þeir nemendur sem vinna vel njóti árangurs erfiðis síns. Þess ber að geta að þó hér sé vísað í samanburð á samræmdum prófum og námsmati skólans þá eru þessar einkunnir í raun alls ekki samanburðarhæfar en gefa þó einhverja vísbendingu. Annars vegar er verið að vísa í raðeinkunn (samræmda prófið) og hins vegar hæfnieinkunn (skólaeinkunnin).



Lýsing á því ferli sem fór í gang í júní 2019

Foreldrafélag GS sendi skólanefnd bréf, dagsett 12.06.2019, þar sem gerðar voru ýmsar athugasemdir við skólastarfið og óskað eftir svörum. Því bréfi var svarað 26.06.2019. Þetta bréf var sent skólanefnd fyrir hönd foreldra útskriftarárgangs 2019 en fram kom á haustönn 2019 að það eru a.m.k. allnokkrir foreldrar í umræddum árgangi sem vissu ekki af tilurð bréfsins. Fram hefur komið að skólastjóri hafi beðist afsökunar á „ákveðnum atriðum“ í svörum sínum við umræddu bréfi en sú afsökunarbeiðni sneri ekki að

IL MOTUL

SMURLOTTÓ




Þú kemur með bílinn þinn í smurþjónustu í Motormax Vatnagördum 12 á tímabilinu 10. janúar - 1. apríl og þú ert komin/n í pottinn.

Í verðlaun eru tveir VIP miðar á

KAPPAKSTUR Á SPA BRAUTinni í BELGÍU

í boði Motul og Motormax
flug og gisting innifalin




námsmati, enda ekki ástæða til, heldur það stóð skólastjóri afsökunar á því að hafa ekki auglýst nógu vel að kennarar, allir nema þeir, ásamt námsráðgjafa væru staddir í Valhúsaskóla 7.-12. júní og að ekki hafi verið gengið nógu vel frá símsvörun og því hvenær skólinn ætti að standa opinn þessa sömu daga.

Í kjölfar þess umróts sem skapaðist vegna óánægju með námsmat 10. bekkinga vorið 2019 var kvartað undan námsmati GS til ráðuneytis og í kjölfar þess fór ráðuneytið fram á að gerð yrði úttekt á námsmati skólans. Þessu fögnuðu stjórnendur GS mjög enda höfðu þeir þá þegar haft samband við ráðuneytið til að athuga hvort skólinn gæti sjálfur kallað eftir úttekt á námsmatinu því ljóst var að skólinn naut ekki fulls trausts. Svör ráðuneytis voru að skólinn gæti ekki kallað sjálfur eftir slíku úttekt heldur yrðu foreldrar að kæra námsmatið. Það er athyglisvert að ráðuneytið er ekki með neina aðila á sínum snærum til að gera slíka úttekt heldur þurfti fræðslustjóri Seltjarnarness að finna óháðan aðila til að gera úttektina. Það er svo sem í þeim anda sem skólafólk hefur upplifað þegar leitað er eftir svörum frá Menntamálastofnun varðandi ýmis mál tengd námsmatinu – skólafólk fær ekki svör við spurningum sínum varðandi hinn mjög svo óljósa kafla í aðalnámskránni sem fjallar um námsmat.

Þróunarvinna sem unnið er að varðandi námsmat skólans

Námsmat í GS hefur verið að fullu innleitt en á hverju hausti eru kennsluáætlanir skólans uppfærðar og þá er námsmatið einnig uppfært enda er það hluti af kennsluáætlunum. Kennsluáætlanir og námsmat verða aldrei fullmótaðar frekar en annað í skólastarfi – skóli er og á að vera í stöðugri þróun. Í kjölfar uppfærslu kennsluáætlana/skólanámskrár ár hvert eru haldnar skólakynningar fyrir foreldra og kennsluáætlanir birtar á Mentor. Nú hefur það aftur verið tekið upp að setja kennsluáætlanir einnig inn á heimasíðu skólans.

Niðurstöður úttektar Ernu Ingibjargar bárust skólanum í lok nóvember en þá höfðu kennarar og stjórnendur verið að kortleggja og endurvinnna það sem betur mátti fara í námsmatsvinnu innan skólans frá því síðastliðið vor. Þær breytingar sem lagt hefur verið í lúta að eftirfarandi:

- Gera námsmatið gegnsæra því skólafólk áttaði sig á því að einhverjir nemendur og foreldrar virtust eiga erfitt með að lesa út úr upplýsingum hæfnikortanna.
- Í einhverjum tilfellum vantaði einnig upp á samræmingu námsmats milli skólastiga og milli einstakra námsgreina og unnið hefur verið að því að samræma námsmat eins og kostur er. Samræmi innan hvers námsgreinar var til staðar enda er námsmat samvinnuverkefni kennara sem kenna sömu námsgreinar en ekki geðþóttaákvörðun hvers og eins.
- Tekin verður aftur upp fyrri hefð sem felst í því að nemendur fái samantekt námsmats eftir áramót en skólaárið 2018/2019 var eina árið sem nemendur fengu ekki miðsvetrareinkunn. Það helgaðist af því að hæfnikortin voru talin það gegnsæ að þau ættu að sýna nógu vel stöðu nemenda.
 - Gefnir verða bókstafir í stað hæfnitákna
 - Gefnir verða bókstafir fyrir einstök hæfniviðmið eins og gert var síðasta skólaár en jafnframt fyrir einstök verkefni sem tengd eru hæfniviðmiðunum
 - Gerð hefur verið grein fyrir mismunandi vægi einstakra hæfniviðmiða / verkefna í kennsluáætlunum þó ekki sé kveðið á um að slíkt sé gert skv. aðalnámskrá. Þarna, sem og í öðru, telur skólinn sig vera að koma til móts við ábendingar sem komu fram sl. vor.
 - Eins og gerist á hverju ári voru kennsluáætlanir endurskoðaðar haustið 2019 og farið yfir þau hæfniviðmið sem lögð verða til grundvallar skólaárið 2019/2020.

Engar þær breytingar sem hér eru nefndar hefðu haft áhrif á einkunnagjöfina sjálfa sl. ár en það er von skólafólks að þessar breytingar geri nemendum og foreldrum auðveldara fyrir að hafa yfirsýn yfir stöðuna hverju sinni.

Svar E.I.P við þeim viðbrögðum sem niðurstöður greinagerðar hennar ollu

Í svari Ernu Ingibjargar við þeim viðbrögðum sem greinagerðin olli meðal stjórnmalamanna bæjarins kemur fram að greinagerðin er hugsuð sem ábendingar til foreldra og skólans – ábendingar um nálgun og leiðir. Að sögn Ernu Ingibjargar er ekki hægt að túlka ábendingarnar sem staðreyndir um að ekkert í skólastarfinu hafi verið byggt á þeim þáttum sem nefndir eru. Einnig bendir Erna Ingibjörg á að kennarar hafi faglega þekkingu á námsmati og nálgun þeirra á einkunnagjöf geti verið misjöfn. Það fer allt eftir áherslum hvers námsgreinar og kennslu ásamt áherslum hvers skóla fyrir sig.

Stjórnendur og kennarar
Grunnskóla Seltjarnarness



GÓLF- MOTTUR

við innganginn
borga sig

CORAL®

Vörn gegn óhreinindum
og bleytu

KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999  S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Gleðilegt ár kyrrstöðu og niðurskurðar

Það er ekki gaman að skrifa neikvæðar greinar í blöðin og helst myndi ég vilja skrifa jákvæða og uppbyggilega grein um alla þá frábæru þjónustu sem Seltjarnarnesbær býður upp á. Hrósa frábæru starfsfólki bæjarins fyrir vel unnin störf við oft ansi krefjandi aðstæður og síðast en ekki síst hrósa bæjarbúum fyrir sína þátttöku í samfélaginu í formi sjálfbóðastarfs, þátttöku í félagsstarfi og sameiginlegri þátttöku í uppeldi ungra Seltirninga.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

En það dæmist víst á mann í minnihluta að veita meirihlutanum aðhald og upplýsa íbúa um þau mál sem meirihlutinn vill ekki skrifa fréttir um.

Sú fjárhagsáætlun sem samþykkt var fyrir árið 2020 er niðurskurðarfjárhagsáætlun þar sem ákveðið var að hrófla ekki við útsvari bæjarbúa en ráðast frekar í niðurskurð á þjónustu. Í áætlun ársins 2020 er húsaleiga félagslegs húsnæðis hækkuð, niðurgreiðslur á þjónustu dagforeldra eru lækkaðar um tugi þúsunda á mánuði, heimgreiðslur til foreldra á biðlista eftir dagforeldri eru afnumdar, gert er ráð fyrir því að opnunartími leikskóla og frístundar verði stytur, bekkir í grunnskólanum verða fjölmennari, plássam í tónlistarskólunum er fækkað og svona mætti áfram telja.

Þessar aðgerðir eiga það flestar sameiginlegt að lenda sérstaklega illa á afmörkuðum hópum bæjarbúa, börnum, ungmönnum, öldruðum og öryrkjum. Fyrir vikið skila aðgerðirnar það litlum sparnaði að aðeins er gert ráð fyrir 292.000 króna afgangi af rekstri bæjarins. Þennan litla afgang ver meirihlutinn með því að verið sé að taka út rekstur bæjarins og áætla meirihlutinn að halda áfram að skera niður þegar líður á árið.

Ég ætla nú samt að enda þessa grein á jákvæðum nótum því ég hef trú á því að íbúar á Seltjarnarnesi muni vera á tánum á árinu og grípi til varna þegar skera á áfram niður í skólakerfi barnanna okkar, í íþróttum, listum og tómstundum, á þjónustu við eldri borgara og öryrkja. Það er sjálfsagt að hagræða í yfirstjórn og óparfa verkefnum en berjumst gegn því þegar draga á úr þjónustu við þá íbúa sem þurfa mest á henni að halda.

Guðmundur Ari Sigurjónsson
Bæjarfulltrúi Samfylkingar Seltirninga

Lionsklúbburinn gefur Seltjörn leiserpenna



Lionsklúbbur Seltjarnness afhenti á dögunum Seltjörn hjúkrunarheimili leiserpenna að gjöf. Penninn er notaður við sjúkráþjálfun á heimilinu.

Bryndís Guðmundsdóttir yfirsjúkráþjálfari tók á móti gjöfinni úr hendi Braga Ólafssonar formanni klúbbsins. Á hópmyndinni eru félagi úr klúbbnum ásamt Kristjáni Sigurðssyni framkvæmdarstjóra og Bryndísi Guðmundsdóttir sjúkráþjálfara fyrri miðju.



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsd.



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband

Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook



Flugvirkjun

Flugvirkjun býður upp á góða starfsmöguleika bæði hérlandis og erlendis.

Tækniskólinn er eini skólinn á Íslandi sem býður uppá nám í flugvirkjun.

Kynntu þér málið á tskoli.is

Tækniskólinn 
skóli atvinnulífsins

VELSÆLD & VELLÍÐAN 2020



20 & 30% afsláttur af Viridian vitaminum og bætiefnum út jan.



Hugleiðsla & hafragatur - Fylgstu með á facebook



Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELÐRI BÆJARBÚA

Þá er árið 2020 gegnið í garð og óskar starfsfólk félags og tómstundastarfsins öllum eldri borgurum og þeirra fólki gleðilegs árs og þakkar samveru á liðnu ári. Horfum björt fram á veginn. Umhleytingar undanfarinna daga hafa ekki stöðvað fólk frá þátttöku í félagsstarfinu en öll námskeið og aðrir dagskrárliðir hafa farið vella af stað og verið vel sóttir. Nú eiga allir að vera búnir að fá inn um lúguna hjá sér dagskrárblað félagsstarfsins (ljósblátt) fyrir mánuðina janúar – júní 2020. Ef einhver hefur ekki fengið eða vantar fleiri þá má hafa samband eða nálgast í aðstöðu félagsstarfsins að Skólalbraut 3-5.

Miðvikudagskvöldið 8. janúar bauð Selkórinn til söngveislu í safnaðarheimili kirkjunnar kl. 19.30. Á ýmsu hafði gengið á í veðrinu og var alveg eins von á að þátttakan yrði dræm vegna þess, en það mættu tæplega 50 manns sem er bara býsna gott. Að venju söng kórinn nokkur vel valin lög við góðar undirtektir gestanna. Boðið var upp á heitt súkkulaði og hlaðborð kræsinga sem gerð voru góð skil. Sendum okkar bestu þakki til stjórnenda, kórfélaga og hljóðfærleikara fyrir þeirra frábæra framlag. Það var auðséð og auðheyrð bæði á kórfélögum og gestum að allir nutu samverunnar.

DANS, HEIMSÓKNIR, ÞORRI OG FRÆÐSLA

Samstarfsverkefni félagsstarfs eldri bæjarbúa og Dansskólans Óskanda á Eiðistorgi. Leiðindin í veðrinu héldu áfram og þegar kom að fyrsta danstímanum á Eiðistorginu voru ekki miklar væntingar um mætingu vegna viðvarana í ýmsum litum. En viti menn, 25 manns mættu í fyrsta tímanum sem var langt umfram það sem búast mátti við.

Boðið var upp á fyrstu spor í gömlum samfélagsdönsum sem var bara sýnishorn af því sem koma skal, en kennarinn Ragna Rögnvaldsdóttir lofar fjölbreyttu og skemmtilegu námskeiði. Stærstur hluti þeirra sem mættu í fyrsta prufutímann skráði sig til áframhaldandi þátttöku sem er mjög ánægjulegt. Danstímarnir eru alla laugardaga fram til 15. febrúar kl. 14.00 í Dansskólanum Óskanda á Eiðistorgi.

Þriðjudaginn 21. janúar ætlum við að heimsækja Grafarvogskirkju. Hugmyndin að heimsókninni kviknaði í einum af söngtímum á Skólalbrautinni nú í haust þegar gestastjórnandinn Hilmar Örn Gestsson sem er stjórnandi kórs eldri borgara í Grafarvogskirkju stakk upp á því að við heimsæktum eldri borgara í Grafarvogi og fengjum að kynna starfinu hjá þeim. Þannig að þriðjudaginn 21. Janúar kl. 12.30 (ath. breyttur tími frá dagskrárblaði) leggjum við af stað frá Skólalbrautinni. Í Grafarvogskirkju verður tekið á móti okkur með tónlist og öðrum skemmtilegheitum ásamt kaffi og veitingum. Skráningarblöð liggja frammi á Skólalbraut og Eiðismýri. Einnig má skrá sig og nálgast allar upplýsingar í síma 8939800.

Þriðjudaginn 28. Janúar kl. 13.30 er þorramatur í kirkjunni. Eins og venja hefur verið undanfarin ár þá býður kirkjan upp á þorramat í safnaðarheimili kirkjunnar á Þorranum. Verð er kr. 3.000 á mann og er skráning nauðsynleg. Skráningarblöð liggja frammi á Skólalbraut, í kirkjunni og í Eiðismýri.

Fimmtudaginn 30. Janúar kl. 13.30 fáum við hjúkrunarfræðing í heimsókn í salinn á Skólalbrautinni. En heimsókn þessi verður fyrsta af þremur allavega í bili. Þ.e. fimmtudaginn 30. Janúar, þriðjudaginn 25. febrúar og þriðjudaginn 24. mars. Tekin verða fyrir ákveðin málefni í hvert skipti og er þetta hugsað þannig að stundin hefist á erindi hjúkrunarfræðingsins og síðan verður boðið upp á umræður og spurningar. Ef vel tekst til verður haldið áfram með þetta verkefni.

Eins og svo oft áður hefur komið fram þá eru allar góðar hugmyndir vel þegnar, en það má segja að dansnámskeiðið sé komið á laggirnar vegna beiðna og hugmynda frá ykkur eins og flest allt annað í dagskránni eins og hún er í dag.

Með von um góðar stundir á árinu.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

Optical Studio með nýja verslun á Hafnartorgi

Ný verslun Optical Studio tók til starfa á Hafnartorgi við Tryggvagötu 25 sl. haust. Optical Studio rekur þrjár aðrar gleraugnaverslanir á suðvesturhorninu, í Smáralind í Kópavogi, Reykjanesbæ og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Flestir Íslendingar sem fara um flugstöðina á leið sinni til útlanda hafa tekið eftir og/eða komið við í Optical Studio en verslunin er staðsett við hliðina á Fríhöfninni.

Kjartan Kristjánsson sjóntækjafraeðingur er stofnandi og eigandi Optical Studio og hefur allt frá stofnun fyrirtækisins 1982, farið ótroðnar slóðir í sínum verslunarrekstri. Optical Studio í flugstöðinni er dæmi um það, en sú verslun er ein sinnar tegundar á frihafnarsvæði í flugstöð með alla þá þjónustu sem fullbúin gleraugnaverslun býður upp á. Verslunin á Hafnartorgi er hönnuð af Rut Káradóttur með hugmyndir Kjartans að leiðarljósi um fallega og stílhreina verslun sem notalegt er að heimsækja.

Sjónmælingar í opnu rými

Þar eru í fyrsta sinn á Íslandi gerðar sjónmælingar í opnu rými að japanskri fyrirmynd. Tækjabúnaðurinn er sá nýjasti á þessu sviði og kallast „Table top eye-refraction system.“ Verslanir Optical Studio skarta nú ómótstæðilegum vetrarlinum frá Gucci, Tom Ford, Balenciaga, Saint Lauren, Celine, Ray Ban, Oakley og Cartier, en fyrirtækið hefur umboð fyrir þessi gleraugnamerki á Íslandi. Minni gleraugnamerki, en ekki síður athyglisverð

hátískuvara eru gleraugu frá Chrome Hearts, Dita, Berluti, Alexander McQueen og Tod's.

Vert er að nefna nýjung í framleiðslu á margskiptum glerjum frá hinu virta myndavéla- og myndavélalinsu framleiðenda LEICA. Hér er um að ræða byltingarkennda nýjung í margskiptum glerjum með 50-65% stærra lessvæði.

Söluaðili fyrir Leica Eyecare

Optical Studio er viðurkenndur söluaðili fyrir Leica Eyecare og er fyrsta gleraugnaverslunin á Norðurlöndum sem LEICA hefur gert saming við. Þeir sem til þekkja á sviði ljósmyndunar efast ekki um gæði Leica linsunnar. Með nýrri verslun Optical Studio í miðbæ Reykjavíkur er fyrirtækið ekki bara að sækja á nýtt markaðssvæði heldur einnig að færa sína gleraugnaþjónustu nær núverandi viðskiptavinum sem búa á 101 svæðinu og í vesturhluta borgarinnar sem og á Seltjarnarnesi.

Rúmgóður bílakjallari

Borið hefur á því að viðskiptavinir sem heimsækja Hafnartorgið séu ekki meðvitaðir um rúmgóðan bílakjallara sem er undir öllum byggingunum á torginu. Ekið er niður í bílakjallarann frá Geirsgötu við hornið á Kolaportinu. Á næstu mánuðum verður hann samtengdur bílakjallaranum í Hörpu og verða þá yfir 1000 stæði í boði. „Optical Studio“ eru með nýja og sjóðheita tiskuvöru í umgjörðum og sólgleraugum



Eigendur Optical Studio, Kjartan B. Kristjánsson og Hulda F. Hafsteinsdóttir.

við þessi skemmtilegu tímamót í starfsemi Optical Studio. Umhverfið á Hafnartorgi er að taka á sig stórborgarmynd og við finnum að gestir og gangandi eru mjög jákvæðir á þennan nýja miðborgarkjarna,“ segir Kjartan sem býður alla sína viðskiptavini velkomna í nýja og glæsilega sérverslun Optical Studio á Hafnartorgi. Tímabantanir í sjónmælingu hjá Optical Studio á Hafnartorgi eru í síma 5288505.

Kjötkompaní

Böndadagur

VÖRUR Á 20% afsl.

TILBOÐIÐ GILDIR FÖSTUDAGINN, 24. JANÚAR OG LAUGARDAGINN, 25. JANÚAR.

NAUTALUND DE LUXE	LAMBAKONFEKT
NAUTA-MÍNÚTUSTEIK MED HVÍTLAUKI OG PIPAR	LAMBA-INNRALERI Í PIPARKRYDDLEGI
NAUTALUND MED PARMASKINKU OG FERSKUM PARMESAN	SÆLKERADRAUMUR

Hafnarfjörri & Grandi

www.kjotkompani.is ☎ 578 9700 ✉ kjotkompani@kjotkompani.is 📱 kjotkompani



Íþróttamaður og íþróttakona ársins 2019

Íþróttamaður og Íþróttakona Gróttu fyrir árið 2019 voru kjörin í byrjun janúar og voru þau Pétur Theodór Árnason knattspyrnumaður og Nanna Guðmundsdóttir fimleikakona kjörin. Ert þetta í fyrsta skiptið sem kjörið er kynjaskipt.

Pétur er fæddur og uppalinn á Seltjarnarnesi. Hann er 24 ára gamall og lék upp alla yngri flokkana með Gróttu. Þegar Pétur var aðeins 16 ára gamall spilaði hann sína fyrstu leiki með Gróttu í 1. deild og lék einnig með U16 ára landsliði Íslands á Norðurlandamótinu. Þá um haustið fór Pétur á reynslu til enska liðsins Reading og var viðloðandi landsliðshópa næstu misseri.

Sumarið 2013 lenti Pétur í því áfalli að slíta krossbandið í hné og ári síðar, eftir margra mánaða endurhæfingu, slitnaði krossbandið aftur. Síðan þá hefur ferill Péturs farið smám saman upp á við en hann kom sterkur inn í Gróttuliðið um mitt sumar 2018 og hjálpaði liðinu að komast upp úr 2. deild.

Árið 2019 var ár Péturs Theodórs. Hann var markahæsti leikmaður Mjólkrubikarsins með 9 mörk og var lykilmáður í liði Gróttu sem sigraði Inkasso-deildina eftirminnilega í sumar. Pétur var valinn besti leikmaður fyrri hluta mótsins, hann var markakóngur deildarinnar með 15 mörk í 22 leikjum og í lok tímabilsins var Pétur í liði ársins! Pétur Theodór var valinn leikmaður ársins hjá Gróttu á lokahófi meistaraflökkanna en einnig var hann kjörinn leikmaður leikmanna af liðsfélögum sínum. Pétur er mikill liðsmaður með stórt Gróttuhjarta. Hann æfir af krafti og hugsar vel um sig utan vallar. Fyrirmyndarleikmaður í einu og öllu.

Nanna Guðmundsdóttir fimleikakona, íþróttakona Gróttu

- þrautseigja og dugnaður einkenna hana

Nanna Guðmundsdóttir var valin íþróttakona Gróttu. Þetta var í fyrsta sinn sem sú viðurkenning er veitt. Nanna er vel að titlinum komin. Hún er mögnuð fimleikakona og frábær fyrirmynd í fimleikasalnum.

Það sem einkennir Nönnu er þrautseigja og dugnaður, mikill kraftur og fallegar hreyfingar. Hún lætur ekkert stoppa sig og gefst aldrei upp. Nanna hefur æft og keppt fyrir Gróttu frá unga aldri og unnið til hinna ýmsu verðlauna. Hún hefur verið í landsliði Íslands og keppt á stórmótum úti í heimi. Fimleikadeild Gróttu er afar stolt af því að hafa Nönnu í sínum röðum bæði sem iðkanda og einnig sem þjálfara í fimleikadeildinni. Fimleikadeildin hefur 10 sinnum áður átt íþróttamann Gróttu og sámir Nanna sér vel í hópi þeirra bestu.

Í æfingabúðum á Spáni



Meistaraflokkur karla í handbolta fór í æfingaferð á Albir á Spáni í byrjun janúar. Ferðin er hluti af undirbúningi liðsins fyrir baráttuna sem framundan er um laust sæti í Olís deildinni.

Strákarnir flugu út 7. janúar og æfðu vel og spiluðu tvo æfingarleiki gegn Altea og Benidorm B. Báðir leikirnir unnst nokkuð sannfærandi og strákarnir spiluðu vel.

Fyrsti leikur strákanna á nýju ári er föstudaginn 31. janúar gegn Víkingi í Hertz höllinni.

Hæfileikamótun HSÍ

Gróttu og Gróttu/KR eiga flotta fulltrúa í hæfileikamótun HSÍ.

Þessar æfingar eru inngangur í yngri landsliði Íslands og öðlast krakkarnir dýrmæta reynslu undir leiðsögn reyndar þjálfara. Þjálfarar landsliðsins

eru þau Raket Dögg Bragadóttir og Halldór Jóhann Sigfússon.

Gróttu : Raket María Grímksdóttir og Rut Heiðarsdóttir.

Gróttu/KR : Alex Kári Þórhallsson, Antoine Óskar Pantano, Gísli Örn Alfreðsson, Hannes Pétur Hauksson, Hrafn Ingi Jóhannsson og Viðar Sigurjón Helgason.



Gunnar Hrafn með U-18

Gunnar Hrafn Pálsson hélt á dögnum út til Þýskalands með U-18 ára landsliði Íslands.

Strákarnir fóru á milli jóla og nýárs út og spiluðu þeir við Ítala, Þýskaland, Sviss og Hvíta - Rússland. Gunnar Hrafn spilaði flottan handbolta ásamt félögum í landsliðinu og náðu þeir að hampa 2. sætinu eftir hörkuleik við Þjóðverja í úrslitum. Þess má geta að Ari Pétur Eiríksson leikmaður meistaraflökks Gróttu var varamaður í þessum gríðarlega efnilega hópi.



1X2

GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

Sesselja þjálfari ársins

Sesselja Hannele Järvelä var valin þjálfari ársins á uppskeruhátíð FSÍ sem fór fram í húsakynnum FSÍ í Laugardal miðvikudaginn 8. janúar. Við það tækifæri eru þeim sem skarað hafa fram úr í íslenska fimleikaheiminum á yfirstandandi ári veittar viðurkenningar.

Fimleikadeild Gróttu er afar stolt af frábæru þjálfarateymi og rígmontin af því að eiga besta fimleikaþjálfara landsins. Sesselja er sannarlega vel að þessu komin. Hún hefur staðið á fimleikagólfinu í Gróttu frá því um aldamótin síðustu og þjálfað áhalda- og hópfimleika hjá félaginu með frábærum árangri. Þess má geta þess að Sesselja er móðir Nönnu sem sama dag var kjörin íþróttakona Gróttu.



Sesselja Hannele Järvelä.

Til Hvíta Rússlands

Orri Steinn Óskarsson og Grímur Ingi Jakobsson úr Gróttu eru í hóp U17 karla sem tekur þátt í móti í Hvíta Rússlandi í lok janúar.

Ísland er í riðli með Georgíu, Tadsíkistan og Ísrael á mótinu. Knattspyrnudeild Gróttu óskar drengjunum innilega til hamingju með valið. Það verður spennandi að fylgjast með þeim í Hvíta Rússlandi!



Orri Steinn og Grímur Ingi.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

VEGANBLÓT
31.01.20

HÓTEL SAGA

Fyrsta Veganblótið verður haldið í Súlnasalnum á Hótel Sögu þann 31. janúar 2020.

Kokkarnir okkar reiða fram hlaðborð af vegan kræsingum og veislustjórar eru Dóri DNA & Saga Garðars.

Eftir matinn mun DJ Atli Kanill sjá um að halda uppi stemningunni á dansgólfinu.

verð - 8.900 kr

HOTELSAGA@HOTELSAGA.IS

525-9930

Nesfréttir

www.borgarblod.is



Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum billinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum úr framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Smáviðgerðir

Samhlöða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Draghals 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN

BYKO

Velkomin á Granda

ÚTSALA

20-90%

Gerðu
frábær
kaup!

afsláttur af völdum vörum



Mikið
úrval!

40%

afsláttur
öllum plastbox



Mannbroddar í hálkunni

Tilboðsverð



1.496

84533870-3

Almennt verð: 1.995



Sport-grip.

2.846

84550330-3

Almennt verð: 3.795



Stable-grip.

2.434

84578456-9

Almennt verð: 3.245

-25%

BYKO GRANDI

KOMDU Í HEIMSÓKN!